



SKÓLANEFND HRUNAMANNAREPPS

21. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn þriðjudaginn 17. febrúar 2026, kl. 15:00 í Huppusalnum.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Elvar Harðarson. Auk þeirra sat fundinn fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps Sigríður Björk Gylfadóttir en fulltrúi þeirra Vilborg Ástráðsdóttir var fjarverandi. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands, Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla og Cornelia Walden, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla.

Tveir kennarar frá skólanum mættu frá Flúðaskóla á mennta og tækisýninguna BETT, sem er árlegur viðburður ætlaður kennurum. Þær stóllur kynntu svo á kennarafundi í Flúðaskóla hvað þeim fannst áhugaverðast. Unglingastigið hefur verið að læra um orkuskipti og orkunotkun og föstudaginn 30. janúar fóru þau, ásamt kennurum, í skemmtilega ferð í Ljósafossvirkjun til að fræðast um virkjunina ásamt því að fara á sýninguna sem þar er staðsett.

Tónlistarskóli Árnesinga hefur komið í janúar og febrúar í tvö skipti með hljóðfærakynningar fyrir 2. bekk og eru þetta mjög skemmtilegar heimsóknir. Þau munu koma til okkar í þriðju skipti í viðbót fram á vor.

Danskur nemendahópur kom í heimsókn til okkar dagana 3. – 6. febrúar. Hópurinn kemur frá Holbæk Lilleskole, sem er sá skóli sem við höfum verið í samstafi við undanfarin ár. Í ár komu 20 nemendur ásamt 2 kennurum.

Smiðjur voru haldnar 5. og 6. febrúar. Nemendur í 5. – 7. bekk hittust á Laugarvatni á fimmtudeginum en unglingarnir voru hér á Flúðum fimmtudag og föstudag. Hér var því mikið líf og fjör hjá okkur þegar 140 nemendur komu saman.

Flúðaskóli tekur þátt í rannsókninni Educhange ásamt 63 öðrum grunnskólum á landinu. Markmið verkefnisins er að nemendur haldi áfram í námi eftir grunnskóla og stendur yfir til ársins 2028. Auk Íslands taka Danmörk, Þýskaland og Ungverjaland þátt. Verkefnið er fjármagnað af Evrópusambandinu og er hýst af Háskóla Íslands. Þessa vikuna (16. – 19. febrúar) eru nemendur úr 7. bekk í skólabúðum á Reykjum ásamt Kolbrúnu. Þar eru þau með öðrum 7. bekkungum í þeim grunnskólum sem heyra undir Skólabjónustu Árnesþings

Í gær og í dag (16. og 17. febrúar) hafa nemendur í 10. bekk verið í starfskynningum. Venjan er að námsráðgjafi hafi haldið utan um þessar kynningar ásamt öðrum mikilvægum þáttum. Því miður hefur það verið svo að námsráðgjafinn hefur verið í veikindaleyfi frá því í haust og því hefur hún Jenný, umsjónarkennari, tekið að sér

SSS

EA

ARS

KP

JB

JA

CW
RJ VG

skipulag starfskynninga. Það er mikið þakkarvert hjá henni því þetta er heilmikil vinna og viðbót við hennar starf.

Það er mjög miður að við höfum ekki geta fengið náms- og starfsráðgjafa nú í vetur. Hlutverk þeirra er bundið í lögum um grunnskóla og vinna þeirra og hlutverk skiptir miklu máli. Í skólanámskrá Flúðaskóla segir:

Náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda og beinist aðstoð hans að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. Auk þess að aðstoða nemendur við ígrundað val á námi og starfi að loknum grunnskóla. Í Flúðaskóla sinnir námsráðgjafi persónulegri ráðgjöf við alla nemendur skólans og er jafnframt áhersla lögð á náms- og starfsfræðslu við nemendur á elsta stigi skólans.

Eins og staðan er í dag er ekki enn vitað hvort eða hvenær viðkomandi náms- og starfsráðgjafi kemur til starfa. Deildarstjóri skólaþjónustu hefur fengið samþykki stjórnar SVÁ fyrir því að fá náms- og starfsráðgjafa í verktakavinnu til að sinna náms- og starfsfræðslu, áhugasviðsgreiningu og viðtölum fyrir nemendur í 10. bekk.

Viðkomandi mun hitta nemendur á Teams, fyrst með 40 mínútna kynningu fyrir allan hópinn, leggja fyrir áhugasviðsgreiningu og taka tvö einstaklingsviðtöl, einnig á Teams, við hvern og einn. Allt annað starf náms- og starfsráðgjafa þurfum við að leysa hér innanhúss eins og kostur er.

Við erum svo heppin að hafa hér frábæran skólahjúkrunarfræðing sem hefur starfað mikið og vel með okkur. Einnig hafa kennarar og allt starfsfólk gert sitt besta í að sinna þessum störfum en eins og gefur að skilja er það heilmikil viðbót við almenn störf okkar. Það er ósk okkar og von að þetta leysist sem allra fyrst.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla skólastjóra Leikskólans Undralands.

Skólastjóri gerði grein fyrir starfi leikskólans síðastliðnar vikur sem hefur gengið vel, Grænhóll (yngsta deildin) er að koma vel út í gamla ráðhúsinu. Sérstaklega er tekið eftir því hvað hljóðvistin er góð. Starfsmenn, foreldrar og börn eru alsæl með deildina.

Áberandi er hve léleg hljóðvist er í „aðal“ húsi leikskólans því nú erum við farin að nota aðalrýmið meira í leik og þá glymur í öllu þó að börnin séu í rólegum leik.

Börnunum er að fjölga hratt og er reiknað með að þau verði orðin 58 í mars. Því erum við að auglýsa eftir leikskólakennara/starfsmanni. Lítil viðbrögð hafa verið við auglýsingunni. Starfið í leikskólanum hefur gengið nokkuð vel eða þannig að ekki hefur þurft að senda börn heim þrátt fyrir áskoranir í starfsmannamálum v. veikinda, fjölgunar barna o.fl. Jóna Björg og Auður eru á föstum fundum/námskeiði v. innleiðingar á Völu.

Helstu viðburðir/uppbrot: Karladagurinn var haldin á bóndadaginn, þá bjóða börnin „aðal“ körlunum í sínu lífi í morgunmat sem samanstóðaða aðalega af hafragraut og slátri. Lögreglan kom og hitti elsta árganginn og fór með börnunum yfir umferðarreglur og öryggi barna í bíl. Þorablót var haldið í síðustu viku þar sem börnin smökkuðu hákarl o.fl.

Dagur leikskólans var 6. febrúar og gerðu börnin listaverk af því tilefni um hvað þau gerðu í leikskólanum.

Starfsmannafundur var eftir vinnu einn daginn í síðustu viku þar sem við fórum yfir starfið almennt og ræddum sprurningar um hvernig okkur gengi að tileinka okkur jákvæðan aga.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

ARJ

KP

Rog

OLA
737

EW
VG

ED

3. Minnisblað vegna skólaþings.

Lagt fram minnisblað frá Ingvari Sigurgeirssyni vegna niðurstaðna Skólaþings þar sem unnið var með eftirfylgni skólastefnunnar. Vinnuhópur um gerð skólastefnu sem áður starfaði mun vinna að endurskoðun skólastefnunnar í samræmi við niðurstöður úr minnisblaði Ingvars.

Lagt fram til kynningar.

4. Skóladagatöl leik- og grunnskóla vegna skólaársins 2026-2027.

Lögð fram fyrstu drög að skóladagatölum leik- grunnskóla sem hafa verið samræmd eins og óskað hefur verið eftir. Í þessum drögum er gert ráð fyrir að sumarfrí Leikskólans Undralands árið 2026 verði 6 vikur.

Skólanefnd mun fjalla um skóladagatölin á næsta fundi sínum og þá verður tekin endanleg ákvörðun um sumarlokun leikskólans.

5. Öryggishandbók.

Formaður kynnti erindi sem borist hefur varðandi gerð öryggishandbókar fyrir leik- og grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

6. Lokaskýrsla vegna úttektar á starfsemi á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Lögð fram skýrsla sem unnin var af Miðstöð Skólaþróunar við Háskólann á Akureyri að beiðni stjórnar SVÁ. Skýrslan rædd.

Skólanefnd vill taka undir þau sjónarmið skólastjórnenda sem fram koma í skýrslum þeirra hér á fundinum þar sem kemur fram að náms- og starfsráðgjafa og leikskólaráðgjafa hefur vantað um hrið og að það sé afar óheppilegt. Með þeirri leið sem valin hefur verið af stjórn SVÁ og sveitarstjórnnum á svæðinu þá vonum við innilega að starfsemi skólaþjónustunnar muni eflast og styrkjast þar sem það er nauðsynlegt fyrir leik- og grunnskólana að hafa styrka og stöðuga þjónustu, ráðgjöf og eftirfylgni og að sú starfsemi verði samfelld.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:14.

Cornelia Walder 190299-0689

Elna Þorvaldsdóttir

Jóhanna Lúpa Amundsdóttir

Sigríður Björk Gylfadóttir

Jóna Björg Jónsdóttir

Katrín Þorvaldsd.

Yaluj Guðmundsd.

Ragnheiður Ósk Guðm.

Alexandra Þó Jóhannesdóttir